

## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps miðvikudaginn 11. nóvember kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.



Mættir: Vilberg Þráinsson, Ágúst Már Gröndal og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara, Lovísa Ósk Jónsdóttir fyrir hönd foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð. Gestur á fundinum var Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi sem sat fundinn undir öðrum lið á dagskrá.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þjár blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið, sérstaklega Árnýju Huld sem sat sinn fyrsta fund sem aðalmaður í stað Guðrúnar Guðmundsdóttur. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, eitt mál barst, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. 1501015 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 14. ágúst 2015.

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt.*

#### 2. 1511013 – Verkferlar vegna tómstundastarfs.

Hugmyndir að verkferlum sem þarf að vinna vegna tómstundastarfs, frá tómstundafulltrúa.

*Tómstundafulltrúi fór yfir hugmyndir að verkferlum fyrir tómstundastarfið og hvort vinna ætti tómstundastefnu fyrir sveitarfélagið. Umræður spunnust um hin ýmsu mál tengd tómstundastarfi sveitarfélagsins og félagsmiðstöð. Lagt til að stofnaður verði stýrihópur um tómstundastefnu fyrir Reykhólahrepp og í hópnum sitji Árný Huld Haraldsdóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir og Lovísa Ósk Jónsdóttir. Samþykkt samhljóða.*

Tómstundafulltrúa var þökkuð koman og yfirgaf fundinn kl. 17.10.

#### 3. 1511010 – Leikskóladeild og jólafrí.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 3. nóvember 2015.

Skólastjóri fór yfir erindið, þar sem hún óskar þess að leikskóladeild skólans loki á milli jóla- og nýárs vegna lítillar sóknar.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.*

#### 4. 1511011 – Skólaakstur.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 3. nóvember 2015.

Vilberg Þráinsson vakti athygli á mögulegu vanhæfi sínu undir þessum lið, nefndin taldi hann hæfan og vildi fá hans sjónarhorn í umræðuna.

Skólastjóri fór yfir erindið, nemendur eru við viðmiðunarmörk ferðatíma í skólabifreiðum, eins og staðan er í dag, þ.e. börnum hefur fjölgað og leitað hefur verið leiða að koma sem flestum í skólabifreiðar með aukakrók.

*Nefndin telur að erindið eigi frekar heima hjá sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða.*

**5. 1511012 – Fjölgun barna og starfsmanna á leikskóladeild.**

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 3. nóvember 2015.

Skólastjóri fór yfir erindið. Fjögur börn eru að bætast við á deildina eftir áramót og þá vantar starfsmann á deildina.

*Nefndin fagnar fjölgun barna á leikskóladeild og vísar málinu til sveitarstjórnar og gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016. Samþykkt samhljóða.*

**6. 1511015 – Skólastefna Reykhólahrepps.**

Erindi frá formanni mennta- og menningamálanefndar dagsett 9. nóvember 2015

Formaður lagði fram tillögu að stofnun stýrihóps um skólastefnu Reykhólahrepps.

*„Ég legg til að stofnaður verði stýrihópur um mótun skólastefnu Reykhólahrepps. Hópurinn verði skipaður 3-5 manns úr sveitarfélaginu/skólasamfélaginu og mögulega að fá ráðleggingar frá utanaðkomandi aðila með sérfræðipækkingu.“*

*Tillagan var rædd, og var tekið mjög jákvætt í hana. Ákveðið að skoða málið, ákvörðun frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.*

**7. 1507002 – Listamannaþing 16. maí 2015, tillaga.**

Erindinu vísað til nefndarinnar á fundi sveitarstjórnar þann 20. ágúst 2015.

*Nefndin fór yfir erindið og telur ekki fært að verða við erindinu þar sem liðið er á veturinn og margt hafi þegar verið skipulagt. Hins vegar verði athugað hvort Barnamennningarhátíð í Strandabyggð sem áætlað er að halda dagana 14.-20. mars geti hentað börnum í Reykhólahreppi. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar:**

**8. 1502011 – Skýrsla skólastjóra.**

*Skólastjóri fór yfir skýrsluna.*

**9. 1511018 - Eftirfylgni með könnun um innleiðingu laga.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 15. ágúst 2015.

*Lagt fram.*

**10. 1511014 – Dagur leikskólans 2016.**

Erindi frá samstarfshópi um Dag leikskólans dagsett 27. október 2015.

*Lagt fram.*

**11. 1511016 – Tilkynning um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla.**

Erindi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 29. október 2015.

*Tilkynning lögð fram.*

**12. 1511017 – Æskulýðsrannsóknin Ungt fólk 2015.**

Erindi og niðurstöður rannsóknar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti dagsett 5. október 2015.

*Lagt fram.*

**Önnur mál (ef einhver):**

**13. Kosning varaformanns.**

*Fram fór leynileg kosning. Árný Huld Haraldsdóttir hlaut 2 atkvæði af þremur mögulegum.  
Árný er því rétt kjörinn varaformaður nefndarinnar.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 19.**
